

- 122 b. Til Aðalbjargar Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 30. des. 1000 kr. og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.
- c. Til Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr. Stjórnnum bankanna er heimilt að borga uppbætur á þessar greiðslur eftir sömu reglum sem gilda um uppbótargreiðslur á laun starfsmanna bankanna á hverjum tíma.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða árlega eftirlaun svo sem hér greinir:

- a. Til Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna.
- b. Til Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna.
- c. Til Sigurðar Hjálmarssonar stýrimanns 600 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.
- d. Til Gunndóru Benjamínsdóttur, ekkju Tryggva Guðmundssonar, féhirðis Áfengisverzlunar ríkisins, 1200 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

Færast fjárhæðirnar samkvæmt staflíðum a.—c. á rekstrarreikning Skipaúngerðar ríkisins, en samkvæmt staflíð d. á rekstrarreikning Áfengisverzlunar ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

123

30. des.

L Ö G

um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að tíu milljónum króna, til greiðslu á erlendum skuldum ríkissjóðs. Lánið sé tekið innanlands í innlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.